

Ár 2014, þriðjudaginn 16. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör saksóknara við embætti sérstaks saksóknara

I.

Kjararáð úrskurðaði hinn 15. desember 2009 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör saksóknara.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. janúar 2014 frá tveimur saksóknurum við embætti sérstaks saksóknara. Í bréfinu er fjallað um úrskurði kjararáðs um launakjör sérstaks saksóknara nr. 2013.4.031 og launakjör staðgengils sérstaks saksóknara nr. 2014.4.003. Nánar tiltekið segir í bréfinu að í úrskurðunum sé rakið hvernig starfsemi embættis sérstaks saksóknara hafi vaxið og breyst undanfarin ár. Með hliðsjón af því hafi kjararáði þótt ástæða til breytinga á launum sérstaks saksóknara og staðgengils hans. Með vísan til sömu sjónarmiða og rakin séu í úrskurðum kjararáðs um launakjör sérstaks saksóknara og staðgengils hans er þess farið á leit að laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara verði endurskoðuð. Í bréfinu segir jafnframt að samkvæmt lögum um embætti sérstaks saksóknara séu saksóknarar við embættið fjórir talsins og séu sömu hæfisskilyrði gerð til þeirra samkvæmt lögum. Sú sérstaða eigi við alla saksóknara við embættið að þeir séu skilgreindir sem ákærendur. Þeir eigi allir sæti í yfirstjórn embættisins, allir hafi þeir með höndum sams konar lögreglu- og ákærvaldsverkefni og allir hafi þeir með höndum stjórnunarhlutverk á embættinu.

Með bréfum dagsettum 23. maí 2014 var sérstökum saksóknara, innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006.

Í svari sérstaks saksóknara móttæknu 23. júní 2014 er tekið undir ósk saksóknaranna um endurskoðun launakjara enda hafi embættið vaxið að umfangi umfram það sem gert hafi verið ráð fyrir er fyrri úrskurður um kjör þeirra var kveðinn upp. Verkefnum hafi fjölgað mikið og umfang starfseminnar aukist, meðal annars með nokkurri fjölgun starfsmanna. Inntak verkefna sem komi til meðferðar hjá embættinu sé þó hið sama, það er rannsóknir og eftir atvikum saksókn í efnahagsbrotamálum. Hins vegar hafi umfang starfs þeirra vaxið töluvert með auknum fjölda verkefna og starfsmanna.

Í svari innanríkisráðuneytisins dagsettu 12. júní 2014 er tekið undir að embætti sérstaks saksóknara hafi vaxið töluvert undanfarin ár. Fram kemur að ráðuneytið telji sig þó ekki til þess bært að meta hvort aukið umfang embættisins hafi haft þau áhrif á störf saksóknaranna að ástæða sé til að endurskoða starfskjör þeirra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 30. maí 2014. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra ákvarðana við athugun á því hvernig ákvarða skuli launakjör umræddra saksóknara við embætti sérstaks saksóknara.

Með bréfum dagsettum 4. júlí 2014 fengu saksóknarar við embætti sérstaks saksóknara send bréf innanríkisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og sérstaks saksóknara til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í sameiginlegu bréfi saksóknaranna dagsettu 10. júlí 2014 eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

III.

Um embætti sérstaks saksóknara gilda lög nr. 135/2008. Upphaflega voru verkefni embættisins afmörkuð við rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármagnsmarkaði, nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengdist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga. Þá skyldi embættið eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn. Með lögum nr. 52/2010 og nr. 82/2011 var verksvið embættisins skilgreint með skýrari hætti þannig að nú sinnir það rannsókn og eftir atvikum saksókn í málum tengdum starfsemi fjármálafyrirtækja án tillits til þess hvort fyrirtækin tengist þeim atburðum sem leiddu til setningar laga nr. 125/2008. Einnig hafa verkefni efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra verið færð til embættisins.

Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við framangreindar stofnanir. Er þeim skylt að veita honum upplýsingar um stöðu annarra mála en að framan greinir. Með lögum nr. 25/2009 voru heimildir embættisins til að kalla eftir upplýsingum og gögnum auknar, svo og skylda til að láta embættinu þær í té.

Í 2. gr. laganna segir að innanríkisráðherra skipi sérstakan saksóknara og skuli hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti. Þá skipar ráðherra þrjá sjálfstæða saksóknara við embættið. Sérstakur saksóknari ræður annað starfsfólk embættisins en saksóknara. Sérstakur saksóknari og saksóknarar við embætti hans skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Þeir eru ákærendur samkvæmt lögum um meðferð sakamála og fara með lögregluvald. Sérstakur saksóknari hefur umsjón með störfum annarra saksóknara við embættið og gætir samræmis í störfum þeirra.

Sérstakur saksóknari fól einum saksóknaranna við embættið að vera staðgengill sinn og veitir hann embættinu forstöðu í fjarveru sérstaks saksóknara.

Skipun hins sérstaka saksóknara og saksóknara við embættið fellur niður þegar embættið er lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun. Í lögum um embættið segir að innanríkisráðherra geti eftir 1. janúar 2013 lagt til við Alþingi, að fengnu álitu ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð tók ákvörðun um laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara hinn 18. desember 2009. Þar kemur fram að embætti sérstaks saksóknara var nýtt og stofnað við sérstakar aðstæður. Verkefni embættisins séu skýrt afmörkuð, en umfangsmikil og flókin og búast megi við að álag á saksóknara við embættið verði mikið meðan það er til. Skipunartími saksóknara við embættið sé óljós. Saksóknararnir séu sjálfstæðir og taki því sjálfir ákvörðun um hvort ákært skuli

í þeim málum sem þeim hafi verið falin og lúti ekki fyrir mælum hins sérstaka saksóknara í þeim efnum. Höfð hafi verið hliðsjón af sjálfstæði þeirra við ákvörðun launa en jafnframt tekið mið af launum annarra saksóknara svo og dómara.

Frá 18. desember 2009 hafa laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með vísan til þess að umfang og verkefni embættis sérstaks saksóknara hefðu aukist verulega frá því það tók til starfa ákvað kjararáð breytingar á launum sérstaks saksóknara þann 26. september 2013 og staðgengils hans þann 6. maí 2014. Kjararáð telur rétt að laun annarra saksóknara við embættið breytist að sama skapi. Þær breytingar sem síðast voru gerðar á lögum um starfsemi embættisins og eru meðal annars tilefni þessara launabreytinga tóku gildi 1. september 2011. Kjararáð telur því rétt að launabreytingin gildi frá sama tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. september 2011 skulu mánaðarlaun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara vera samkvæmt launaflokki 502-134, nú 764.615 krónur.

Frá 1. til 30. september 2011 skal að auki skal greiða þeim 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126 eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða þeim 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, nú 7.153 krónur.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör saksóknara við embætti sérstaks saksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber